

Alþingi Reykjavík,
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. nóvember 2014.

Efni: Umsögn sérfræðiteymis um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 295 - 257. mál.

Við viljum byrja á því að lýsa ánægju okkar með það að samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að rekstur og umsýsla sérfræðiteymis er ætlað að heyra undir sérhæfða þjónustumiðstöð, en það teljum við til mikilla hagsbóta fyrir málaflokkinn.

Við viljum koma á framfæri ábendingum um að í frumvarpinu þarf að vera ljóst hvernig tryggja á að það fjármagn sem sérfræðiteyminu hefur verið úthlutað hjá Velferðarráðuneytinu fylgi teyminu inn í nýja stofnun. Einnig er nauðsynlegt að með þessu frumvarpi verði tryggt aukið fjármagn til teymisins svo bæta megi við að minnsta kosti einu og hálfu stöðugildi sérfræðings.

Á meðan fjármagn til sérfræðiteymis er skorið við nögl er verið að brjóta alvarlega á mannréttindum stór hóps fatlaðs fólks þar sem það þarf að búa við nauðung í daglegu lífi. Það fjármagn sem lagt var í sérfræðiteymið í upphafi var stórlega vanáætlað og nær ómögulegt hefur verið fyrir teymið að sinna hlutverki sínu eins og það er skilgreint í lögum nr. 88/2011 og meðfylgjandi reglugerð um sérfræðiteymi. Þessu til stuðnings má nefna að á þeim tveimur árum sem sérfræðiteymið hefur starfað hefur það aðeins afgreitt 20 mál, sem er brot af þeim 200 málum sem gert var ráð fyrir að kæmu inn á borð teymisins ár hvert. Mörg þessara mála sem þegar eru afgreidd var hægt að leysa með einfaldri ráðgjöf. Það getur hinsvegar tekið marga mánuði að afgreiða flóknari mál þar sem mikilli nauðung er beitt. Það er því ljóst að þetta takmarkaða fjármagn sem teyminu er ætlað bitnar verst á þeim sem þurfa mest á þjónustu sérfræðiteymis að halda. Það er fyrirséð að það munu líða þrjú til fjögur ár frá því að mál berst teyminu og þar til það verður tekið fyrir. Auk þess að taka fyrir ný mál, þá er teyminu ætlað að endurskoða árlega öll þau mál þar sem undanþága frá banni við beitingu nauðungar hefur verið veitt. Einnig er sérfræðiteyminu ætlað að halda utan um og fylgjast með skráningum á beitingu nauðungar. Hvorki endurskoðun mála né utanumhald um skráningar er hafinn. Því er ljóst að álagið á teymið á eftir að aukast til muna.

Við teljum brýnt að til þess að sinna tímafrekum verkefnum þarf að ráða í stöðugildi sérfræðinga sem yrðu teyminu innan handar við greingar og úttekt á flóknari málum. Auk þess er þörf á 40% starfi ritara til þess að halda utan um fundargerðir, erindi sem berast, afgreidd mál og skráningu á nauðung.

Í umsögn fjármála og efnahagsráðuneytis sem fylgir þingskjali 295 kemur fram að sá sparnaður sem skapast við sameiningu stofnana eigi að nýtast í aukinni þjónustu þessarar nýju stofnunnar. Það hvernig draga á úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk er of mikilvægt málefni til að hægt sé að treysta á að áætlun um sparnað tryggi fjármögnun. Í þessum hópi eru einstaklingar sem vegna fötlunar sinnar eiga hvað erfiðast með að gæta réttinda sinna og því ber okkur skylda til að tryggja þessu mikilvæga málefni nægjanlegt fjármagn. Að óbreyttu koma þær réttarbætur sem fyrirhugaðar

voru með setningu laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, ekki til með að nýtast stórum hópi fatlaðs fólks sem býr við nauðung sem hluta af daglegu lífi.

Fyrir hönd sérfræðiteymis

Felix Högnason

Sign.